

Skólaráð Naustaskóla

2. fundur ársins 2016 þann 18. febrúar 2016

Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir og Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir og Áshildur Hlín Valtýsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Rut Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Stundaskrárramma næsta vetrar

Umræðu frestað til næsta fundar

2. Skóladagatal 2016-2017

Rætt var um skóladagatal næsta vetrar, aðallega var umræða um 2. janúar en fulltrúar foreldra voru sammála um ákveða þyrfti þetta með kennarahópnum. Ekki komu fram athugasemdir um skóladagatalið á fundinum. Ánægja með samræmingu á milli Naustaskóla og Naustatjarnar.

Ákveðið að sækja um október/nóvember í skólabúðum að Reykjum fyrir 7. bekk. Rætt um að mikilvægt sé að hafa einn karlmann og einn kvenmann með á Reykjum og í 10. bekkjarferðalagi.

3. Valgreinar

Rætt var um valgreinar fyrir næsta vetur en verið er að vinna í plani fyrir næsta vetur. Hér hafa tveir kennarar boðist til að vera með samval. Kalla þarf inn innanskólavalgreinar sem fyrst.

Umræða um skipulag valgreina og hvaða leiðir er hægt að fara til að hvetja nemendur til að nýta sér meira samvalið en þau gera. Einnig sagt frá og rætt um samvinnu við VMA og möguleika nemenda á að sækja áfanga þar bæði sem valgrein og fyrir nemendur sem eru lengra komnir í náminu.

4. Starfsmannauglýsingar

Umræðu frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

A. Foreldrafulltrúar/fjáraflanir/skipulag/hvernig best?

Rætt um að haustfundirnir nýtast mjög illa, mikilvægt að taka tíma með hverjum árgangi tildæmis til að skipuleggja fjáraflanir fyrir ferðir.

Þarf að ákveða að hausti hver sér um hvað og því er mikilvægt að skipulagið sé aðgengilegt foreldrum strax að hausti. Kiðagilsferð, Reykjaferð, 10.bekkar ferðalag hvert er skipulagið.

Umræða um 10. bekkjarferðalagið og hvort skólinn taki kostnað í mönnun fyrir nemendur sem eru andlega veikir eða eru í slæmum málum. Því auðvitað vilja allir að allir nemendur fari.

Aðalheiður Skúladóttir ritaði fundargerð